

## JAFNRÉTTISTEFNA

MANNAUÐSSTEFNA KRÓNUNNAR ER AÐ VERA FYRIRMYNDARVINNUSTAÐUR OG SKAPA STARFSUMHVERFI ÞAR SEM ÁHERSLA ER LÖGÐ Á ÞJÁLFUN, JAFNRÉTTI, HEILSU OG ÖRYGGI STARFSFÓLKS. VIÐ SETJUM OKKUR ÞVÍ ÁÆTLUN UM HVERNIG VIÐ GÆTUM JAFNRÉTTIS Í ÁKVÖRÐUNUM SEM SNÚA AÐ REKSTRINUM TIL AÐ TRYGGJA AÐ STARFSFÓLKI SÉ EKKI MISMUNAÐ VEGNA KYNS, ALDURS, UPPRUNA, KYNHNEIGÐAR, TRÚAR EÐA ANNARRA ÞÁTTA. VIÐ STÖNDUM FAGLEGA AÐ RÁÐNINGUM SEM ERU BYGGÐAR Á STARFSLÝSINGUM UM HÆFNISKRÖFUR. VIÐ GREIÐUM LAUN OG HLUNNINDI Í SAMRÆMI VIÐ JAFNLAUNASTEFNU OG VIRÐI STARFA ÚT FRÁ HÆFNISKRÖFUM, ÁBYRGÐ OG ÁRANGRI. VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ ALLT STARFSFÓLK HAFI JAFNA MÖGULEIKA Á STARFSÞRÓUN. VIÐ SKÖPUM STARFSFÓLKI STARFSUMHVERFI Í SAMRÆMI VIÐ STEFNU UM JAFNRÉTTI. VIÐ SEMJUM UM VINNUTÍMA MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ FÓLK GETI SAMRÆMT FJÖLSKYLDULÍF OG VINNU OG LEGGJUM MIKLA ÁHERSLU Á STARFSUMHVERFI ÞAR SEM ÖLLUM GETUR LIÐIÐ VEL VIÐ DAGLEG STÖRF. EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI ER EKKI LIÐIN.